



17. október 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 1. og 2. mál á 153. löggjafarþingi**

*Fjárlög 2023 og Breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023*

Hagsmunasamtök heimilanna gera sjaldnast umsagnir við fjárlagafrumvörp, enda berjast samtökin ekki sérstaklega fyrir fjárveitingum úr ríkissjóði, hvorki til félagsmanna sinna né annara hópa. Barátta samtakanna snýst öðru fremur um að styrkja og standa vörð um réttindi neytenda á fjármálamarkaði og að húsnæðiskostnaður allra heimila verði viðráðanlegur, án niðurgreiðslna úr ríkissjóði.

Að þessu sögðu sjá samtökin þó ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp, ekki síst þá verðtryggingu svokallaðra krónutölugjalda og nefskatta sem er lögð til í frumvarpinu og skattabandorminum sem er til meðferðar samhliða því. Samtökin taka heilshugar undir þá gagnrýni og sjónarmið sem koma fram í umsögn Neytendasamtakanna um þetta atriði.

Hagsmunasamtök heimilanna gagnrýna einnig þá fyrirætlun sem umrædd frumvörp bera með sér, að láta vaxtabótakerfið halda áfram að gufa upp í verðbólgunni, nú hraðar en nokkru sinni fyrr. Þetta er ekki aðeins þróun sem ríkisstjórnin er meðvituð um heldur er það beinlínis ætlun hennar að **leiðréttu ekki** skerðingarmörk vaxtabóta með hliðsjón af stórfelldum hækkunum húsnæðisverðs eða verðlags almennt. Eins og kom fram í skriflegu svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn á þskj. 1475 á 152. löggjafarþingi, mun þetta að óbreyttu leiða til þess að um 2.800 manns sem hingað til hafa átt rétt á vaxtabótum, muni missa þann rétt alfarið um næstu áramót og að allt að 90% þeirra sem áður fengu vaxtabætur, muni verða fyrir auknum skerðingum vegna hækkunar fasteignamatss íbúða þeirra. Af svarinu verður ekki annað ráðið en að ráðherra ætli ekki að bregðast við þessari þróun.

Svipaða sögu má segja um þau sem hafa getað nýtt skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar til að greiða húsnæðislán hraðar niður og draga þannig úr vaxtaútgjöldum, en sú heimild mun að óbreyttu falla úr gildi um mitt næsta ár hjá öllum nema þeim sem teljast vera “fyrstu kaupendur”.

Nú þegar verðbólga og vextir eru í hæstu hæðum og ríkisstjórnin gerir ekkert til að koma böndum á stórauðna greiðslubyrði heimilanna, er óforsvaranlegt að fyrrnefnd úrræði verði vísitandi látin detta úr sambandi án þess að neitt annað taki við. Samtökin mælast eindregið til að úr því verði bætt.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

*Guðmundur Ásgeirsson*

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is